



Borgarráð

***Beiðni KSÍ um þátttöku Reykjavíkurborgar í kostnaði vegna umspilsleiks og endurskoðun
samnings um rekstur Laugardalsvallar***

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir KSÍ) hefur með bréfi dags. 12. febrúar sl. óskað eftir fjárframlagi frá Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytisins vegna leiks Íslands við Rúmeníu sem fara átti fram þann 26. mars sl. Leiknum var síðar frestað líkt og fjölmörgum öðrum viðburðum á þessu vori. Reykjavíkurborg sér ekki fært að koma til móts við þann kostnað sem KSÍ kann að hafa orðið fyrir af þessum sökum.

Þá hafði KSÍ með bréfi dags. 26. júní 2019 óskað eftir því formlega að samningur sem gerður var milli Reykjavíkurborgar og KSÍ árið 2014 um rekstur Laugardalsvallar yrði endurskoðaður, í samræmi við 3. gr. þess samnings. Reykjavíkurborg fellst á að hefja viðræður þess efnis og er lagt til við borgarráð að Ómari Einarssyni sviðsstjóra ÍTR, Ebbu Schram borgarlögmanni og Óla Jóni Hertervig skrifstofustjóra Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar verða falið að eiga viðræður við KSÍ vegna málsins. Þá mun Andrés Bögebjerg Andreasen, fjármálastjóri ÍTR vinna með þeim hópi.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf KSÍ - kostnaður vegna umspilsleiks við Rúmeníu, dags. 12.02.2020.

Bréf KSÍ - endurskoðun samnings um rekstur Laugardalsvallar, dags. 26.06.2019.

Samningur milli Reykjavíkurborgar og KSÍ um rekstur Laugardalsvallar, dags. 13.08.2014.

12. febrúar 2020

Hr. Borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson

Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Kostnaður vegna umspilsleiks við Rúmeníu 26.mars.

Sæll Dagur.

Fyrir liggur að Ísland leikur við Rúmeníu á Laugardalsvelli þann 26. mars næstkomandi í umspili um að komast í úrslitakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu 2020. Til þess að af því geti orðið þarf að ráðast í veigamiklar fyrirbyggjandi aðgerðir til þess að gera völlinn sem best leikhæfan á þessum erfiða tíma árs til fótboltaíðkunar. Eru þessar aðgerðir m.a. lagning dúks og steinullar ásamt uppblásnu hitatjaldi þegar nær dregur leiks. Nú hefur verið gerð kostnaðaráætlun hvað þetta varðar og getur kostnaðurinn numið allt að 70 m. kr. sbr. meðfylgjandi kostnaðaráætlun.

Það er ljóst að Laugardalsvöllur í núverandi mynd, án hitalagna undir grasi og opinn til tveggja átta, hentar engan veginn breytingum á leikjafyrirkomulagi A-landsliðs karla, bæði í riðlakeppni stórmóta og umspilsleikjum. Fyrir liggur að við megum ekki leika heimaleiki okkar í mars og nóvember í riðlakeppni stórmóta.

Knattspyrnusamband Íslands fer fram á að Reykjavíkurborg, sem aðaleigandi vallarins og samstarfsaðili KSÍ um rekstur Laugardalsvallar, komi til móts við knattspyrnusambandið og styrki áður nefndar aðgerðir með fjárframlagi. Með þessu sýnir Reykjavíkurborg stuðning sinn við íslenska landsliðið og fótboltann almennt og hjálpar til við að það náist að leika þennan mikilvæga leik á Laugardalsvöllinum í mars komandi.

Virðingarfyllt,



Guðni Bergsson

Formaður KSÍ

Aðgerðaáætlun vegna umspilsleik 1. þann 26. Mars 2020

Vöktun

- Samráð við Veðurstofu Íslands
- Settir hita og rakamælar í völlinn
- Sett upp veðurstöð við völlinn
- Myndavélar vallarins stilltar til að nýtast við vöktun
- Opnað á myndavélakerfið til skoðunar utan skrifstofu
- Bakvakt starfsmanna

Kostnaður við vöktun:

Sérspár frá Veðurstofu	1.000.000
Leiga á veðurstöð	500.000
Breytingar á myndavélakerfi	250.000
Bakvakt starfsmanna	1.000.000
Notkun á flóðljósum	
Samtals	2.750.000

Aðgerðir í fyrsta fasa:

- Þegar aðstæður leyfa (auð jörð og rétt hitastig yfirborðs)
 - Evergreen dúkur settur á völl
 - Steinullareinangrun sett yfir, jarðvegsdúkur og að lokum nót (síldar eða loðnu)
- Einangrun og dúkur fjarlæggt ef aðstæður verða óhagstæðar þeim aðgerðum
- Ferlið hugsanlega endurtekið

Kostnaður við fyrsta fasa:

Evergreen Radiant dúkue	3.836.000
Acrýl dúkur	300.000
Viðgerð á snjóbræðslu við niðurföll á hlaupabraut	1.000.000
Aðkeypt sérfræðipjónusta	2.000.000
Viðbótar starfsmenn á velli	5.000.000
Steinull	4.000.000
Jarðvegsdúkur/plast	2.000.000
Vinna við að leggja steinull	2.500.000
Nót	1.000.000
Rafmagn vegna flóðljósa	1.500.000
Samtals	23.136.000

Aðgerðir í öðrum fasa:

- Dúkur og einangrun fjarlægð
- Hitadúkur „tjald“ sett yfir og byrjað að kynda
- Hitadúkur feldur og reistur eftir veðri
 - Meiri vöktun og sólarhrings vaktir starfsmanna frá eiganda dúksins
-

Kostnaður við annan fasa:

Fjarlægja steinull	2.500.000
Hitadúkur/tjald í þrjár vikur	15.040.000
Flutningur á dúk/tjaldi	3.000.000
Aðflutningsgjöld og skattar	3.609.600
Gas til upphitunar	4.500.000
Rafmagn fyrir hitablásara í 3 vikur	5.250.000
Steypuklumpar til að festa niður dúk/tjald	500.000
Snjómokstur	1.000.000
Íseyðing - salt/sandur	500.000
Gámar til að mynda skjól	2.799.300
Flug og hótél fyrir starfsmenn með dúk/tjaldi	2.500.000
Bílaleigubíll fyrir starfsmenn með dúk/tjaldi	500.000
Matur og gistaðstaða á velli	600.000
Samtals	42.298.900

Aðgerðir í lokafasa fyrir leik:

- Snjó og klaka eitt í umhverfi vallar og á svæðum áhorfenda
- Hitadúkur fjarlægður
- Völlur meðhöndlaður
 - Sprey
 - Burstun
 - Vallarlínur málaðar
- Varamannaskýlum lokað til að hægt verði að hita þau

Kostnaður við lokafasa

Lokun varamannabekkja og hitun	500.000
Hitun á fjölmiðlaðastöðu	500.000
Sprey á gras	150.000
Götun	100.000
Söndun á velli	250.000
Auka undirbúningur á grasi	150.000
Snjómokstur	1.000.000
Íseyping- salt/sandur	500.000
Samtals	3.150.000

Samtals áætlaður kostnaður.

71.334.900

Óvissa

+7.000.000

Ekki er gert ráð fyrir í þessum kostnaði hefðbundnum kostnaði við framkvæmd heimaleikja heldur eingöngu vegna aðgerða vegna árstíma og aðstæðna.



Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. júní 2019.

Kæri Dagur,

Knattspyrnusamband Íslands óskar formlega eftir því að samningur sá sem gerður var milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnusambands Íslands um rekstur Laugardalsvallar, undirritaður þann 13. ágúst 2014, verði tekinn til endurskoðunar í samræmi við 3. grein samnings, en vegna færslu heimaleikja Fram af Laugardalsvelli í Safamýri hefur Reykjavíkurborg lækkað framlag sitt til reksturs vallarins. Er það afstaða KSÍ á túlkun ákvæðisins að sú lækkun eigi ekki rétt á sér nema með endurskoðun samningsins sbr. 3. gr. hans.

Virðingarfyllt,
f.h. KSÍ,

Klara Bjartmarz
framkvæmdastjóri.




ICELANDAIR



208020127
3510

Samningur milli Reykjavíkurborgar og
Knattspyrnusambands Íslands um rekstur
Laugardalsvallar



Handwritten signature
Handwritten signature

Reykjavíkurborg annars vegar og Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) hins vegar gera með sér svofelldan

SAMNING

Laugardalsvöllur

1. gr.

Hinn 1. janúar árið 1997 tók KSÍ að sér allan rekstur Laugardalsvallar og þeirra mannvirkja sem velliinum tengjast með sérstökum samningi dags. 29. nóvember 1996 og síðar í samningum dagsettir 11. september 1997, 15. september 2005 og 16. desember 2008. Samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa mun svo verða áfram. Til að hafa umsjón með rekstri Laugardalsvallar og framgangi samnings þessa skal skipuð fimm manna vallarstjórn og fimm til vara. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af KSÍ, þar af formaður, einn fulltrúi frá Íþrótt- og tómstundarsviði Reykjavíkur (ÍTR) og einn fulltrúi frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR). Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Vallarstjórn skal hittast a.m.k. fjórum sinnum á ári.

2. gr.

Laugardalsvöllur verður áfram aðalleikvangur Reykjavíkur og þjóðarleikvangur í knattspyrnu og frjálsum íþróttum. Á Laugardalsvelli er gert ráð fyrir að fram fari landsleikir, bikarleikir, Evrópuleikir og leikir í efstu deild í knattspyrnu, frjálsíþróttæfingar og frjálsíþróttamót.

Fjármál

3. gr.

Reykjavíkurborg greiðir KSÍ samtals kr. 49.912.282 árlega 2014 til 2016 en kr. 44.254.501. árlega það sem eftir er af samningstímanum. Greiðslurnar taka mið af vísitölu neysluverðs, í janúar 2014, 415,9 stig og skal dreifing greiðslna innan hvers árs vera samkvæmt samkomulagi ÍTR og KSÍ.

Greiðslur taka til eftirfarandi þátta;

i. reksturs Laugardalsvallar og mannvirkja sbr. 8. gr.,

ii. húsaleigu- og æfingastyrkja ÍTR vegna afnota frjálsíþróttafólks af Laugardalsvelli til æfinga og keppni og aðstöðu fyrir Skylmingafélag Reykjavíkur vegna æfinga og mótahalds, í samræmi við reglur ÍBR og borgaryfirvalda um húsaleigu- og æfingastyrki íþróttafélaga í Reykjavík,

iii. heimaleikja knattspyrnufélagsins Fram,

iv. umhirðu grasvallar á Laugardalsvelli, sláttar, götunar, málunar og merkingar vallar.

Verði veruleg breyting á æfingum og mótahaldi samkvæmt þessari grein, frá því sem er nú við undirritun samnings, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á samningi þessum.

4. gr.

Reykjavíkurborg og KSÍ skuldbinda sig til að leggja fram samtals kr. 66.053.310 vegna aukins rekstrarkostnaðar á Laugardalsvelli á árunum 2007 til 2013, eða kr. 33.026.655 hvor aðili um sig.

Framlag Reykjavíkurborgar kr. 33.026.655 skal greitt með 3 jöfnum árlegum greiðslum að fjárhæð kr. 11.008.885 1. júní 2015, 2016 og 2017.

Framlag KSÍ kr. 33.026.655 skal fært til lækkunar á skuld Laugardalsvallar við KSÍ móðurfélag með 3 jöfnum færslum að fjárhæð kr. 11.008.885 1. júní 2015, 2016 og 2017.

5. gr.

Greiðslur samkvæmt 3. og 4. gr. samnings þessa til KSÍ skulu greiddar inn til viðskiptabanka KSÍ samkvæmt nánari tilkynningu þar um.

Greiðslur Reykjavíkurborgar samkvæmt samningi þessum eru með fyrirvara um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

6. gr.

ÍTR greiðir leigu á samningstímanum til skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg (SEA) fyrir þau mannvirki Laugardalsvallar sem eru í eigu Reykjavíkurborgar. SEA greiðir fasteignaskatt, brunatryggingu, holræsagjald, brunagjald, sorphirðugjald og vatnsskatt á samningstímanum fyrir þau mannvirki sem eru í eigu Reykjavíkurborgar. KSÍ greiðir fasteignaskatt, brunatryggingu, holræsagjald, brunagjald, sorphirðugjald og vatnsskatt á samningstímanum fyrir þau mannvirki sem eru í eigu KSÍ.

7. gr.

KSÍ mun í bókhaldi sýna sérstaklega þann tekjuauka sem tilkominn er vegna samnings þessa og sömuleiðis öll útgjöld vegna reksturs og viðhalds mannvirkjanna og leikvangsins alls og einnig sértilgreindan kostnað vegna nýframkvæmda, kaupa á búnaði og meiri háttar endurbóta. Ársreikningur Laugardalsvallar verður lagður fyrir stjórn leikvangsins til samþykktar og skal vera aðgengilegur fyrir borgaryfirvöld.

Rekstur

8. gr.

KSÍ greiðir allan rekstrarkostnað vegna Laugardalsvallar og tilheyrandi mannvirkja, svo sem kostnað við rafmagn og hita, viðhald allra mannvirkja og áhalda og tækja tengdum mannvirkjum svo og almennt viðhald frjálsíþróttahalda. KSÍ tekur að sér allan kostnað vegna starfsmannahalds, við yfirstjórn vallarins, knattspyrnuleiki, frjálsíþróttæfingar og mót. KSÍ annast umhirðu grasvallar á Laugardalsvelli svo sem slátt, götun, merkingar og málun á velli.

KSÍ skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna vallarins og bera ábyrgð á því tjóni sem gestir geta orðið fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi eða umsjón vallarins og annarra mannvirkja.

KSÍ skuldbindur sig til að halda við þeim mannvirkjum, sem samningur þessi nær til og annast allt almennt viðhald og lagfæringar sem nauðsynlegar verða á samningstímanum.

KSÍ skal frá upphafi samningstímans taka að sér allt tilfallandi viðhald mannvirkja eftir því sem þörf krefur og sjá um að mannvirkjum öllum verði viðhaldið þannig að byggingarhlutar úreldist ekki umfram það sem eðlilegt er. Til slíks eðlilegs viðhalds telst meðal annars endurmálun úti og inni, viðgerðir á gólfefnum og önnur yfirborðsmeðhöndlun, viðgerðir á brotum eða skemmdum, viðhald hreinlætistækja og búnaðar, þ.m.t. innanstokks og á hita- og loftræstikerfi. Meiriháttar endurnýjun grasvallar, frjálsíþróttabrauta og annað meiriháttar viðhald og endurnýjun mannvirkja svo og áhalda og tækja vegna frjálsíþróttavelli skal þó vera á vegum Reykjavíkurborgar.

Fulltrúar SEA, ÍTR og KSÍ skulu árlega halda fund um öll viðhaldsmál fasteigna og annarra mannvirkja á Laugardalsvelli. Einnig skal fundað með Frjálsíþróttasambandi Íslands um viðhaldsmál tengd frjálsíþróttavelli. Fulltrúar skulu síðan gera tillögur um allt viðhald og skal allt minni háttar viðhald framkvæmt af KSÍ en allt meiriháttar viðhald samkvæmt nánara



samkomulagi KSÍ og SEA og í samræmi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hverju sinni. Skulu tillögur þessara aðila lagðar fyrir KSÍ og borgaryfirvöld.

9. gr.

Við upphaf samningstímans skal SEA gera úttekt á ástandi núverandi mannvirkja á Laugardalsvelli og skal úttektarskýrsla verða fylgiskjal með samningi þessum, sbr. fskj 1. Fulltrúar KSÍ og ÍTR skulu fylgjast með úttekt þessari. Þau mannvirki sem hér er átt við eru öll mannvirki innan girðingar Laugardalsvallar:

Laugardalsvöllur.
Áhorfendastúkur.
Frjálsíþróttavöllur.
Snyrtinga- og veitingasöluhús.
Bað- og búningasklefar.
Skylmingarsalur.
Klukkuhús ásamt geymslum.
Girðingar.
Flóðljós.

Á sama hátt skal gerð úttekt á þessum mannvirkjum í lok samningstímans.

10. gr.

Allar þær endurbætur og uppbygging mannvirkja á Laugardalsvelli sem KSÍ annast og fjármagnar á samningstímanum skulu verða eign Reykjavíkurborgar í lok samningstímans nema öðruvísi sé kveðið á um í sérstöku samkomulagi þar um.

11. gr.

KSÍ tekur að sér niðurröðun leikja í knattspyrnu á Laugardalsvelli til þeirra félaga sem aðstöðu hafa í Laugardal, þ.e.a.s. Knattspyrnufélagið Þróttur og Knattspyrnufélagið Fram auk annarra félaga og samtaka sem óska eftir afnotum af vellinum. KSÍ er kunnugt um samninga borgaryfirvalda við Knattspyrnufélagið Fram um heimaleiki félagsins í Laugardal. Áformað er að félagið flytji starfsemi sína í Úlfarsárdal á næstu árum og er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á samningi þessum samhliða.

Vallarstjórn mun annast samskipti við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí), ÍBR, íþróttasambönd og íþróttafélög auk annarra sem óska eftir afnotum af Laugardalsvelli. Unnið skal eftir þeim reglum og samþykktum sem gilda hverju sinni um mót, leiki og æfingar.

12. gr.

KSÍ annast alla þjónustu við æfingar og mót á vegum Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur (FÍRR), frjálsíþróttadeilda íþróttafélaga í Reykjavík og Frjálsíþróttasambands Íslands (FRÍ) á Laugardalsvelli og fyrir aðra í íþróttasölum undir stúku eins og verið hefur. Samráð verður á milli fulltrúa KSÍ og ÍBR um niðurröðun leikja, móta og æfinga í æfingasölum og á Laugardalsvelli. Fyrir 15. mars ár hvert skal liggja fyrir áætlun FRÍ, FÍRR og KSÍ um mót, æfingar og leiki á Laugardalsvelli.

Þegar fyrir liggja óskir um afnot af Laugardalsvelli skal sérstök nefnd skipuð fulltrúum KSÍ og FRÍ samkvæmt samkomulagi þessara aðila, gera tillögur til vallarstjórnar um endanlegt fyrirkomulag móta, æfinga og leikja á Laugardalsvelli.



Komi upp ágreiningur um úthlutanir og niðurröðun móta, æfinga og leikja er vallarstjórn endanlegur úrskurðaraðili.

Úthlutun tíma fyrir æfingar og mót skal gerð af ÍBR. ÍTR mun í samráði við ÍBR annast greiðslu á kostnaði vegna styrkhæfra tíma, sbr. 3. gr. samnings þessa.

Tekjur

13. gr.

KSÍ annast útleigu Laugardalsvallar til annarra aðila en getið er um í samningi þessum og ber kostnað og fær tekjur vegna þessarar útleigu.

KSÍ annast alla veitingasölu á Laugardalsvelli á samningstímanum.

Vallarleiga, húsaleigutekjur, auglýsingatekjur, veitingasölutekjur og aðrar tekjur af Laugardalsvelli renna til KSÍ.

KSÍ skal innheimta vallarleigu vegna landsleikja, bikarleikja og Evrópuleikja af Laugardalsvelli samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem skal endurskoðuð árlega.

KSÍ skuldbindur sig til að standa straum af kostnaði vegna leikja sem vallarleiga er ekki innheimt fyrir og telst sá kostnaður hluti þess almenna kostnaðar sem KSÍ ber ábyrgð á sbr. 8. gr. samnings þessa.

Samskipti

14. gr.

Verði ágreiningur varðandi þann rekstur sem samningur þessi tekur til er samningsaðilum heimilt að segja samningnum upp með árs fyrirvara.

Komi til uppsagnar samningsins skulu aðilar leita allra leiða til að jafna andstæð sjónarmið.

15. gr.

Verði breytingar á aðstöðu Knattspyrnufélagsins Fram í knattspyrnu eða Frjálsíþróttasambands Íslands fyrir frjálsíþróttæfingar og frjálsíþróttamót á samningstímanum, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á samningi þessum.

16. gr.

Ef til kemur framlag frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna Laugardalsvallar sem þjóðarleikvangs skal það framlag renna til Reykjavíkurborgar.

17. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

18. gr.

Aðilar eru sammála um að tveimur árum áður en samningurinn rennur út skuli teknar upp viðræður um endurnýjum samningsins eða samningslok og skal ákvörðun þar að lútandi liggja fyrir ári fyrir samningslok.



19. gr.

Með samningi þessum falla úr gildi fyrri samningar frá 15. september 2005 og samkomulag frá 16. desember 2008.

20. gr.


Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2014 út árið 2025.

Reykjavík 13. ágúst 2014

F.h. Reykja borgarstjórn



F.h. Knattspyrnusambands Íslands



Vottar:


Samþykkt á fundi borgarráðs 24. júlí 2014.